



## Bæjarstjórn - 1178

### FUNDARBOÐ

#### 1178. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, Hábraut 2, 12. júní 2018 og hefst kl. 16:00

Samkvæmt 6. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar boðar sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á baki lengsta setu í bæjarstjórn til fyrsta fundar og stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörin.

Ármann Kr. Ólafsson, starfsaldursforseti, setti fundinn, bauð nýkjörna fulltrúa í bæjarstjórn Kópavogs velkomna til starfa og greindi frá dagskrá. Samkvæmt 2. mgr. 95. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998 skal yfirkjörstjórn senda nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninga.

#### Dagskrá:

#### Dagskrármál

##### 1. 1801320 - Sveitarstjórnarkosningar 2018

*Formaður yfirkjörstjórnar, Snorri Tómasson, tók til máls og flutti skýrslur kjörstjórnar, skv. 2. mgr. 96. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998. Á kjörskrá í kosningum voru 25.790. Alls kusu á kjörstað 14.291 og untankjörfundaratkvæði voru 2.064. Kosningaþáttaka var 16,4%.*

*Atkvæði féllu þannig:*

*B listi Framsóknarflokks 1.295 atkvæði eða 7,92% og 1 fulltrúa.*

*C listi BF Viðreisnar 2.144 atkvæði eða 13,11% og 2 fulltrúa.*

*C listi Sjálfstæðisflokks 5.722 atkvæði eða 34,98% og 5 fulltrúa.*

*J listi Sósíalístaflokks Íslands 507 atkvæði eða 3,10% og engan fulltrúa.*

*K listi Fyrir Kópavog 676 atkvæði eða 4,13% og engan fulltrúa.*

*M listi Miðflokksins 933 atkvæði eða 5,70% og engan fulltrúa.*

*P listi Pírata 1.080 atkvæði eða 6,60% og 1 fulltrúa.*

*S listi Samfylkingarinnar 2.575 atkvæði eða 15,74% og 2 fulltrúa.*

*V listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs 910 atkvæði eða 5,56% og engan fulltrúa.*

*Auðir seðlar 443.*

*Ógildir seðlar 72.*

*Gildir seðlar 15.842*

*Samtals seðlar 16.357.*

*Eftirtaldir hlutu kosningu sem aðal- og varafulltrúar í bæjarstjórn Kópavogs:*

*Kjörnir aðalfulltrúar:*

*Birkir Jón Jónsson B listi Framsóknarflokks*

*Theódóra S. Þorsteinsdóttir C listi BF Viðreisnar*

*Einar Örn Þorvarðarson C listi BF Viðreisnar*

*Ármann Kr. Ólafsson D listi Sjálfstæðisflokks*

*Margrét Friðriksdóttir D listi Sjálfstæðisflokks*

*Karen Elísabet Halldórsdóttir D listi Sjálfstæðisflokks  
Hjördís Ýr Johnson D listi Sjálfstæðisflokks  
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir P listi Pírata  
Pétur Hrafn Sigurðsson S listi Samfylkingarinnar  
Bergljót Kristinsdóttir S listi Samfylkingarinnar  
Kjörnir varafulltrúar:  
Helga Hauksdóttir B listi Framsóknarflokks  
Ragnhildur Reynisdóttir C listi BF Viðreisnar  
Hreiðar Oddsson C listi BF Viðreisnar  
Jón Finnbogason D listi Sjálfstæðisflokks  
Andri Steinn Hilmarsson D listi Sjálfstæðisflokks  
J. Júlíus Hafstein D listi Sjálfstæðisflokks  
Halla Kari Hjaltsted D listi Sjálfstæðisflokks  
Dávíð Snær Jónsson D listi Sjálfstæðisflokks  
Hákon Helgi Leifsson P listi Pírata  
Elvar Páll Sigurðsson S listi Samfylkingarinnar  
Donata H. Bukowska S listi Samfylkingarinnar*

### **Kosningar**

2. 18051215 - Kosning forseta bæjarstjórnar 2018  
*Kosning forseta bæjarstjórnar.*
3. 18051215 - Kosning 1. og 2. varaforseta 2018  
*Tillaga um 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar.*
4. 18051215 - Kosning skrifara 2018  
*Kosning tveggja skrifara og jafnmargra til vara úr hópi bæjarfulltrúa.*
5. 18051312 - Ráðning bæjarstjóra 2018-2022
6. 18051215 - Kosningar í bæjarráð 2018  
*Kosning fimm fulltrúa í bæjarráð sem aðalmenn og jafnmargra til vara. Einnig tilnefndur áheyrnarfulltrúi fyrir X flokk.  
Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.*
7. 18051232 - Kosningar í almannavarnanefnd höfuðb.sv. 2018-2022  
*Kosning tveggja aðalmanna og jafnmargra til vara í almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins.*
8. 18051233 - Kosningar í barnaverndarnefnd 2018-2022  
*Kosning fimm aðalmanna og jafnmargra til vara í barnaverndarnefnd.*
9. 18051243 - Kosningar í Brunabótafélag Íslands 2018-2022  
*Kosning eins aðalmanns og eins til vara í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.*
10. 18051244 - Kosningar í forsætisnefnd 2018-2022  
*Aðalmenn eru forseti bæjarstjórnar ásamt varaforsetum. Kosning þriggja varamanna í forsætisnefnd.*
11. 18051245 - Kosningar í hafnarstjórn 2018-2022  
*Kosning fimm aðalmanna og jafnmargra til vara í hafnarstjórn, auk bæjarstjóra sem*

*gegnir embætti hafnarstjóra.*

12. 18051279 - Kosningar í heilbrigðisnefnd 2018-2022  
*Kosning tveggja aðalmanna og jafnmargra til vara í Heilbrigðiseftirlit Kópavogs- og Hafnarfjarðarsvæðis.*
13. 18051280 - Kosningar í íþróttaráð 2018-2022  
*Kosning fimm aðalmanna og jafnmargra til vara í íþróttaráð.*
14. 18051281 - Kosningar í jafnréttis- og mannréttindaráð 2018-2022  
*Kosning fimm aðalmanna og jafnmargra til vara í jafnréttis- og mannréttindaráð.*
15. 18051282 - Kosningar í leiksólanefnd 2018-2022  
*Kosning fimm aðalmanna og jafnmargra til vara í leikskólanefnd.*
16. 18051283 - Kosningar í lista- og menningarráð 2018-2022  
*Kosning fimm aðalmanna og jafnmargra til vara í lista- og menningarráð.*
17. 18051284 - Kosningar í menntaráð 2018-2022  
*Kosning sjö aðalmanna og jafnmargra til vara í menntaráð.*
18. 18051285 - Kosningar í skipulagsráð 2018-2022  
*Kosning sjö aðalmanna og jafnmargra til vara í skipulagsráð.*
19. 18051300 - Kosningar í samstarfsnefnd um rekstur skíðasvæða hbsv. 2018-2022  
*Kosning eins varamanns og eins til vara í samstarfsnefnd um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.*
20. 18051299 - Kosningar fulltrúa á landsþing Sambands ísl. sveitarfél. 2018-2022  
*Kosning sjö fulltrúa á landsþing Sambandsins og jafnmargra til vara.*
21. 18051286 - Kosningar í skólanefnd MK 2018-2022  
*Tilnefning tveggja aðalmanna og jafnmargra til vara í skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi.*
22. 1806586 - Kosningar í stjórn Markaðsstofu Kópavogs  
*Tilnefning fjögurra aðalmanna og tveggja til vara í stjórn Markaðsstofu Kópavogs.*
23. 18051297 - Kosningar í stjórn Reykjanesfólkvangs 2018-2022  
*Kosning eins aðalmanns og eins til vara í stjórn Reykjanesfólkvangs.*
24. 18051298 - Kosningar í stjórn SSH 2018-2022  
*Bæjarstjóri situr í stjórn SSH. Kosning varamanns hans.*
25. 18051301 - Kosningar í stjórn Slökkviliðs hbsv. 2018-2022  
*Bæjarstjóri situr í stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Kosning varamanns hans.*
26. 18051302 - Kosningar í stjórn Sorpu bs. 2018-2022  
*Kosning eins aðalmanns og eins til vara í stjórn Sorpu bs.*
27. 18051303 - Kosningar í stjórn Strætó bs. 2018-2022  
*Kosning eins aðalmanns og eins til vara í stjórn Strætó bs.*
28. 18051304 - Kosningar í stjórn Tónlistarskóla Kópavogs 2018-2022

*Kosning tveggja aðalmanna og jafnmargra til vara í stjórn Tónlistarskóla Kópavogs.*

29. 18051305 - Kosningar í stjórn Tónlistarskólans Tónsala 2018-2022  
*Kosning eins aðalmanns og eins til vara í stjórn tónlistarskólans Tónsala.*
30. 18051306 - Kosningar í svæðisskipulagsnefnd hbsv. 2018-2022  
*Kosning tveggja aðalmanna og jafnmargra til vara í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.*
31. 18051287 - Kosningar í yfirkjörstjórn v. sveitarstjórnarkosninga, alþingiskosninga og forsetakosninga 2018-2022  
*Kosning þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn vegna sveitarstjórnarkosninga, alþingiskosninga og forsetakosninga.*
32. 1806584 - Kosningar í hverfakjörstjórnir 2018-2022  
*Kosning þriggja manna og jafnmargra til vara í hverfiskjörstjórn í Smáranum.  
Kosning þriggja manna og jafnmargra til vara í hverfiskjörstjórn í Kórnum.*
33. 18051307 - Kosningar í velferðarráð 2018-2022  
*Kosning sjö aðalmanna og jafnmargra til vara í velferðarráð.*
34. 18051308 - Kosningar í umhverfis- og samgöngunefnd 2018-2022  
*Kosning fimm aðalmanna og jafnmargra til vara í umhverfis- og samgöngunefnd.*

### **Önnur mál**

35. 1806626 - Fundarsköp - dagskrá bæjarstjórnarfunda 2018-2022  
*Samkvæmt 11. gr. samþykktu um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar ber bæjarstjórn að taka ákvörðun í upphafi kjörtímabils um hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Forseti leggur til að bæjarstjórn staðfesti ákvæði 8. gr. samþykktanna um að fundir bæjarstjórnar á kjörtímabilinu fari fram 2. og 4. hvern þriðjudag hvers mánaðar kl. 16:00.*
36. 0809008 - Siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa og stjórnenda hjá Kópavogsbæ  
*Lagðar fram gildandi siðareglur Kópavogsbæjar sem samþykktar voru í bæjarstjórn þann 27. janúar 2015. Forseti leggur til að forsætisnefnd fari yfir gildandi siðareglur og geri tillögu til bæjarstjórnar um staðfestingu þeirra eða tillögur til breytinga.*

### **Önnur mál fundargerðir**

37. 1805013F - Bæjarráð - 2915. fundur frá 24.05.2018  
*Fundargerð í 14. liðum.*
38. 1805016F - Bæjarráð - 2916. fundur frá 31.05.2018  
*Fundargerð í 14. liðum.*
- 38.8 1804553 - Markavegur 8. Umsókn um lóð undir hesthús  
*Frá bæjarlögmanni, dags. 28. maí, lögð fram umsókn um hesthúsalóðina Markaveg 8 frá Valsteini Stefánssyni. Lagt er til við bæjarráð að dregið verði á milli þeirra tveggja umsækjenda sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun.*

### **Niðurstaða Bæjarráð - 2916**

Fulltrúi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu var boðaður til fundarins til að sjá um útdrátt á milli umsækjenda. Útdráttur var færður í gerðarbók sýslumanns. Dregin var

umsókn Rafns Einarssonar.

Bæjarráð hafnar umsókninni með vísan til niðurstöður útdráttar og vísar afgreiðslu til bæjarstjórnar.

38.9 1804779 - Markavegur 8. Umsókn um lóð undir hesthús

*Frá bæjarlögmanni, dags. 28. maí, lögð fram umsókn um hesthúsalóðina Markaveg 8 frá Rafni Einarssyni. Lagt er til við bæjarráð að dregið verði á milli þeirra tveggja umsækjenda sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun.*

#### **Niðurstaða Bæjarráð - 2916**

Fulltrúi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu var boðaður til fundarins til að sjá um útdrátt á milli umsækjenda. Útdráttur var færður í gerðarbók sýslumanns. Dregin var umsókn Rafns Einarssonar.

Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti og vísar afgreiðslu til bæjarstjórnar.

39. 1806002F - Bæjarráð - 2917. fundur frá 07.06.2018

*Fundargerð í 13. liðum.*

40. 1805006F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 241. fundur frá 09.05.2018

*Fundargerð í 13. liðum.*

41. 1804004F - Barnaverndarnefnd - 79. fundur frá 10.04.2018

*Fundargerð í 1. lið.*

42. 18051196 - Fundargerð 234. fundar Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 28. maí 2018

*Fundargerð í 49. liðum.*

43. 1805010F - Leikskólanefnd - 94. fundur frá 17.05.2018

*Fundargerð í 4. liðum.*

44. 1805007F - Menntaráð - 26. fundur frá 15.05.2018

*Fundargerð í 6. liðum.*

45. 1805008F - Skipulagsráð - 29. fundur frá 04.06.2018

45.4 1802510 - Ögurhvarf 6. Hækkun á viðbyggingu. Breytt deiliskipulag.

*Lagt fram að nýju að lokinni kynningu erindi Önnu Margrétar Hauksdóttur arkitekts, dags. 20. október 2015 f.h. Styrktarfélagsins Ás þar sem óskað er eftir leyfi til að hækka nýlega samþykktu viðbyggingu við húsið. Í breytingunni felst að viðbygging á húsnæðinu til suðurs er hækkuð í sömu hæð og núverandi hús, snyrting í viðbyggingu stækkuð og hvíldarherbergi bætt við. Á fundi skipulagsráðs 5. mars 2018 var samþykkt í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Dimmuhvarfs 19, 21, 23 og 25. Athugasemdafresti lauk 7. maí 2018. Athugasemdir og ábendingar bárust. Þá lögð fram umsögn skipulags- og byggingardeildar dags. 4. júní 2018.*

#### **Niðurstaða Skipulagsráð - 29**

Skipulagsráð samþykkir erindið og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

45.5 1709733 - Digranesvegur 12. Kynning á byggingarleyfi.

*Lögð fram að nýju að lokinni kynningu tillaga Móheiðar HH. Obel, arkitekts fh.*

*lóðarhafa að breyttri notkun húsnæðis við Digranesvegi 12. Í breytingunni felst að atvinnuhúsnæði er beytt í 45 m<sup>2</sup> íbúð. Uppdrætti í mkv. 1:100 og 1:500 dags. 22. ágúst 2017. Á fundi skipulagsráðs 16. október 2017 var málinu hafnað. Lóðarhafi óskaði eftir endurupptöku byggingarleyfis vegna synjunar með bréfi, dags. 20. desember 2017. Bæjarráð samþykkti að endurupptaka málið og vísaði því til skipulagsráðs. Á fundi skipulagsráðs 5. mars 2018 var samþykkt að grenndarkynna tillöguna fyrir lóðarhöfum Digranesvegur 7, 8, 10, 12, 14, 16 og 16a, Vogatungu 22, 24, 26, 28, 30, 32 og 34, Vallartröð 1 og Neðstutröð 2. Athugasemdafresti lauk 7. maí 2018. Athugasemdir bárust. Þá lögð fram umsögn skipulags- og byggingardeildar dags. 29. maí 2018.*

#### **Niðurstaða Skipulagsráð - 29**

Skipulagsráð hafnar tillögunni og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

#### 45.7 1803970 - Urðarhvarf 16. Breytt deiliskipulag.

*Lögð fram að nýju að lokinni kynningu umsókn Kristins Ragnarssonar arkitekts, fh. lóðarhafa, um breytt deiliskipulag á lóðinni við Urðarhvarf 16. Í breytingunni felst að byggingarmagn er aukið úr 6.048 m<sup>2</sup> í 8.000 m<sup>2</sup>. Við það eykst nýtingarhlutfall ofanjarðar úr 1,26 í 1,7. Jafnframt er byggingarreitur hækkadur um 3,5 m að hluta til á norðvesturhluta lóðarinnar. Gert er ráð fyrir einu staði á hverja 50 m<sup>2</sup> í atvinnuhúsnæði þar af helmingur í niðurgrafinni bílageymslu. Á fundi skipulagsráðs 19. mars 2018 var samþykkt að framlögð tillaga verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Athugasemdafresti lauk 4. júní 2018. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust.*

#### **Niðurstaða Skipulagsráð - 29**

Skipulagsráð samþykkir erindið og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

#### 45.10 18051288 - Fífuhvammur 47 (Hlíðarvegur 62a). Breytt deiliskipulag.

*Lögð fram tillaga Jakobs Línalds arkitekts dags. 29. maí 2018 fyrir hönd lóðarhafa Fífuhvamms 47, áður Hlíðarvegur 62a, að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar. Á lóðinni stendur íbúðarhús byggt 1932, 50 m<sup>2</sup> að stærð. Óskað eftir að byggja við húsið 25 m<sup>2</sup> til norðurs svo hægt sé að koma fyrir nýju salerni og stiga. Auk þess er óskað eftir að byggja nýtt íbúðarhús vestan við núverandi hús, alls 230 m<sup>2</sup>. Uppdrættir í mkv. 1:100, 1:1000 og 1:2000 dags.*

#### **Niðurstaða Skipulagsráð - 29**

Skipulagsráð samþykkir að tillagan verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Ása Richardsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins.

#### 45.16 1708010 - Umferðaröryggi við Skálaheiði.

*Lagt fram erindi Vals Arnarsonar fh. íbúa við Hlíðarhjalla 41 og varðar umferðaröryggi yfir Skálaheiði neðan við íþróttahúsið Digranes og gönguleið milli húsa við Hlíðarhjalla 41c og 41d. Þá lagt fram erindi Atla Más Guðmundsonar fh. íbúa og húsfélags Hlíðarhjalla 41, dags. 30. apríl 2018 þar sem m.a. kemur fram samþykki íbúa Hlíðarhjalla 41 um að sett verði kvöð á lóðina um göngustíg.*

#### **Niðurstaða Skipulagsráð - 29**

Skipulagsráð samþykkir erindið og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

#### 46. 18051148 - Fundargerð 367. fundar Samstarfsnefndar skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins frá

09.05.2018

*Fundargerð í 3. liðum.*

47. 18051246 - Fundargerð 860. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18.05.2018

*Fundargerð í 25. liðum.*

48. 18051046 - Fundargerð 391. fundar stjórnar Sorpu bs. frá 23.05.2018

*Fundargerð í 8. liðum.*

49. 1805606 - Fundargerð 286. fundar stjórnar Strætó bs. frá 27.04.2018

*Fundargerð í 4. liðum.*

50. 1805596 - Fundargerð 287. fundar stjórnar Strætó bs. frá 04.05.2018

*Fundargerð í 7. liðum.*

51. 18051059 - Fundargerð 288. fundar stjórnar Strætó bs. frá 18.05.2018

*Fundargerð í 8. liðum.*

52. 1805014F - Velferðarráð - 29. fundur frá 24.05.2018

*Fundargerð í 8. liðum.*

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri.